




Starfspróunaráætlun

2025-2026

Efnisyfirlit

Reglugerðir.....	3
Hvað er starfspróun?	3
Áherslur Borgarhólsskóla 2025-2026.....	4
Leiðsagnarnám	5
Áætlun	5
Innleiðing breytinga á Aðalnámsskrá grunnskóla	6
Innleiðingaráætlun	6
Lítill skref á leið til læsis	7
Jákvæður agi.....	7
Önnur starfspróunarverkefni	8
Heilsueflandi grunnskóli	8
Sjálfsrækt.....	9
Byrjendalæsi.....	9
Teymisrölt.....	10
Áætlun:	10
Starfsmanna- og kennarafundir	11
Fundaráætlun	11
Skipulögð starfspróun 2025-2026.....	13
Starfspróunarverkefni fyrri ára	13
Stytting vinnuvikunnar	13
Samþætting námsgreina – Bland í Borgó.....	13
Teymiskennsla	14
Innra mat.....	14
Eyðublað fyrir starfspróun	15
Starfspróun 2026-2030	15

Reglugerðir

Í grunnskólalögum er kveðið á um að hver skóli skuli móta starfsþróunar- og símenntunaráætlun sem tekur mið af áherslum skólans, sveitarfélagsins og Aðalnámskrár grunnskóla (lög nr. 91/2008). Þar kemur jafnframt fram að kennarar og skólastjórnendur skuli eiga kost á reglulegri endurmenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína.

Ábyrgð á starfsþróun er sameiginleg; hún hvílir bæði á kennurum og skólastjórnendum. Símenntun skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og styðja við markmið hennar. Kennarar hafa árlega samningsbundinn tíma til símenntunar og undirbúnings, 150/126/102 klukkustundir eftir aldri, og er starfsþróun sem fellur undir þann tíma almennt ætluð utan skipulagsramma skólaársins, nema samið sé sérstaklega um annað.

Starfsþróun kennara skiptist í tvo meginþætti:

- Þættir sem varða stefnu skólans og allir kennarar þurfa að tileinka sér.
- Þættir sem kennarar velja sjálfir með það að markmiði að viðhalda hæfni sinni eða afla sér nýrrar þekkingar sem nýtist í starfi.

Skólastjóri ber ábyrgð á að skilgreina almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum starfsþróunar næsta skólaárs eða umbótaráætlun í kjölfar sjálfsmats skólans. Kennurum er skylt að sækja þau námskeið sem ákveðin eru í starfsþróunaráætlun, enda séu þau hluti af kjarasamningsbundnu starfi og þeim að kostnaðarlausu.

Starfsþróunaráætlun skal kynnt kennurum eigi síðar en 1. janúar ár hvert, fyrir næsta skólaár. Kennarar skulu jafnframt gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir telja mikilvæga fyrir eigin starfsþróun, og er það gert í starfsþróunarsamtölum við skólastjórnendur. Endanleg ákvörðun um útfærslu starfsþróunar er í höndum skólastjóra.

Hvað er starfsþróun?

Starfsþróun felur í sér markvissa símenntun og faglega uppbyggingu kennara og annars starfsfólks skóla með það að markmiði að efla hæfni þeirra í starfi. Hún byggist á samspili einstaklingsbundinnar ábyrgðar og stuðnings frá skólasamfélaginu og er mikilvæg forsenda fyrir því að skólastarf þróist í takt við nýja þekkingu, samfélagsbreytingar og þarfir nemenda.

Með starfsþróun er leitast við að:

- dýpka faglega þekkingu og hæfni starfsfólks,
- styðja við nýsköpun og umbætur í kennslu og skólastarfi,
- efla samvinnu og lærdómssamfélag innan skólans,
- tryggja að nemendur njóti ávallt framúrskarandi kennslu og leiðsagnar.

Starfsþróun er hægt að sinna á margvíslegan máta og er því bæði einstaklingsbundin og sameiginleg vegferð sem miðar að því að styrkja faglegt starf skóla í heild.

Dæmi um starfsþróun:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila
- Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (telst ekki hluti af 150/126/102 tímum sem skráist sem endurmenntun)
- Umbóta- og/eða þróunarverkefni
- Starfendarannsóknir
- Teymisvinna
- Rýnihópar
- Sjálfsnám (lestur, myndbönd, netið o.fl.)

Áherslur Borgarhólsskóla 2025-2026

Starfsþróunaráætlun skólans tekur mið af heildarstefnu skólans og þeim umbótaverkefnum sem eru í gangi. Sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi:

1. Leiðsagnarnám

- Þróunarverkefni skólans felst í markvissri innleiðingu leiðsagnarnáms sem aðaláherslu í kennslu og námsmati.
- Starfsþróun kennara miðar að því að efla hæfni þeirra í að beita leiðsagnaraðferðum, stuðla að virkri þátttöku nemenda í eigin námi og bæta gæði námsmats.

2. Innleiðing breytinga á Aðalnámskrá

- Starfsþróun kennara snýr að nýju kennsluefni, fjölbreyttum kennsluháttum og endurskoðaðu námsmati í samræmi við breytingar á Aðalnámskrá grunnskóla.

- Markmið er að tryggja samfellu í innleiðingu, efla faglega umræðu og veita kennurum stuðning við aðlögun að nýjum kröfum.

3. Lítil skref á leið til læsis

- *Lítil skref á leið til læsis* er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla Húsavíkur og Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.
- Verkefnið snýst um að byggja brú milli skólastiga og styðja við læsinnám barna frá leikskóla yfir í grunnskóla.
- Verkefni hlaut styrk frá Sprotasjóði fyrir skólaárið 2025-2026

4. Jákvæður agi

- Áhersla er á áframhaldandi innleiðingu og festingu agastefnu skólans.
- Starfsþróun beinist að því að styðja kennara í notkun jákvæðra aðferða, samræmdra vinnubragða og skýrs samskipta til að skapa öflugt námsumhverfi.

Hér verður farið ítarlegar í hvert verkefni.

Leiðsagnarnám

Skólinn tekur þátt í þróunarverkefni um leiðsagnarnám sem er stærsta áhersla í starfsþróun næstu tveggja ára eða út skólaárið 2027. Verkefnið er unnið undir leiðsögn skólaþróunarsviðs HA (MSHA). Verkefnið byggist á því að efla hæfni kennara til að beita leiðsagnaraðferðum í kennslu og námsmati, þannig að nemendur fái skýrari leiðsögn um stöðu sína, framvindu og næstu skref í námi.

Markmið verkefnisins er að skapa menningu þar sem nemendur taka virkan þátt í eigin námi, bera aukna ábyrgð á námsframvindu sinni og fá reglulega, uppbyggilega endurgjöf. Leiðsagnarnám er jafnframt ætlað að styrkja tengsl milli kennslu og námsmats, auka gæði námsins og styðja við jöfnuð í námi allra nemenda.

Áætlun

Það er að mörgu að hyggja og þættir leiðsagnarnáms eru margir. Þeir þættir sem við ætlum að leggja áherslu á og í þessari röð eru:

1. Af hverju leiðsagnarnám?, bls. 1-52
 - Mikilvægt er að allt starfsfólk þekki einkenni leiðsagnarnáms og skilji af hverju við erum að fara af stað í þessa vegferð.
2. Mistök, bls. 53-60
3. Hrós, bls. 61-66

4. Hugarfar, fastmótað og vaxandi hugarfar, bls. 34-52

Starfspróunin felst í fræðslu, samvinnu og markvissri ígrundun á eigin starfsháttum. Áhersla er lögð á að þróunin verði sameiginlegt ferli þar sem kennarar læra hver af öðrum og skapa lærdómssamfélag innan skólans. MSHA er með námskeið í ágúst og aftur í janúar. Þess að milli veita þeir leiðtogum hvers stigs ráðgjöf einu sinni í mánuði sem og funda með kennarateyrum einu sinni í mánuði. Árangur verkefnisins verður metinn reglulega með hliðsjón af markmiðum skólans og Aðalnámskrár.

Innleiðing breytinga á Aðalnámsskrá grunnskóla

Í október 2024 voru ný hæfniviðmið birt og ber öllum skólum að skipuleggja nám og kennslu út frá nýrri námskrá skólaárið 2025-2026 og útskrifa nemendur 10. bekkjar skv. endurskoðuðu matsviðmiðum. Skólinn leggur ríka áherslu á skipulagða innleiðingu breytinganna, sem felur í sér aðlögun kennsluhátta og námsmats í anda leiðsagnarnáms og leiðsagnarmats. Í kjölfar breytinganna hefur skólinn hafið vegferð til að setja fram námsmarkmið sem tryggja samfellu í námi nemenda milli árganga og skólastiga.

Til að styðja við ferlið var stofnaður stýrihópur skipaður kennurum úr öllum teyrum ásamt skólastjórnendum. Hlutverk hans er að tryggja skipulagða, markvissa og árangursríka vinnu við innleiðingu Aðalnámskrár. Áhersla er lögð á að skipta ferlinu niður í smærri, vel skilgreind skref sem lesa má um hér fyrir neðan.

Innleiðingaráætlun

Byrjað	Verkefni	Lokið
Vor 25	Kennarar lesa og rýna í endurskoðaða Aðalnámsskrá og ný hæfniviðmið.	Við skóla- byrjun 25
Haust 25	Samræming kennsluáætlana með ný hæfniviðmið til hliðsjónar.	okt 25
Haust 25	Samráð starfsfólks um endurskoðun: ákveða breytingar og framkvæmd. Stýrihópur fundar og ræðir við alla kennara.	okt 25
Haust 25	Hæfniviðmið brotin niður í smærri námsmarkmið sem mynda samfellu á milli ára/skólastiga.	des 25
Haust 25	Ákveða hvernig breytingar birtast nemendum og foreldrum/forráðamönnum í <i>Mentor</i> .	des 25
Haust 25	Umsjónarmaður <i>Mentor</i> setur upp nýjar námsskrár og gerir kerfið tilbúið undir nýtt mat.	des 25
Vor 26	Kynning á nýju fyrirkomulagi fyrir nemendur og foreldra.	jan 26
Vor 26	Útskrift í samræmi við ný matsviðmið	júní 26
Vor 26	Meta vinnuna og framsetning umbótaáætlunar fyrir næsta skólaár.	júní 26

Með markvissri innleiðingu á endurskoðaðri Aðalnámskrá tryggir skólinn að kennsla, námsmat og námsmarkmið séu í takt við nýjar kröfur og styðji við samfellu í námi nemenda. Ferlið felur í sér skipulega vinnu, faglegt samtal og sameiginlega ábyrgð allra starfsmanna, sem mun styrkja gæði skólastarfsins og auka gagnsæi fyrir nemendur og foreldra.

Lítil skref á leið til læsis

Lítil skref á leið til læsis er þróunarverkefni leik- og grunnskóla Húsavíkur, Borgarhólsskóla og Grænuvalla, í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á



Akureyri. Verkefnið fékk styrk frá mennta- og barnamálaráðherra árið 2024 og frá Sprotasjóði árið 2025.

Verkefnið byggir á fjórum stöðum og miðar að því að efla læsishátt barna, skapa samfellu í námi barna á mörkum leik- og grunnskóla, styrkja samvinnu kennara á leik- og grunnskólastigi og auka fræðslu, stuðning og samstarf við foreldra. Hægt er að lesa meira um stöðirnar hér fyrir neðan. Opnaður hefur verið vefur sem finna má [hér](#).

Innan Borgarhólsskóla koma að þessu verkefni; verkefnastjóri og deildarstjóri. Þar að auki kennarar 1. bekkjar. Markiðið er að undirbúa tveggja ára „rúllu“ og er nú seinna árið hafið í undirbúningi. Fundarð er mjög reglulega með MSHA og kennurum af Grænuvöllum. Fyrirhugað er að halda tvær foreldrafræðslu á árinu, sú fyrri í október og síðari í febrúar.

Jákvæður agi

Jákvæður agi er stöðugt þróunarstarf hjá skólanum og hefur verið leiðarljós í skólastarfinu í mörg ár. Starfið byggist á samræmdri agastefnu sem allir starfsmenn vinna samkvæmt, með áherslu á jákvæð samskipti, skýr vinnubrögð og uppbyggilegt umhverfi fyrir nemendur.

Árleg endurmenntun tryggir að starfsfólk fær reglulega uppfærða þekkingu á agaaðferðum, og nýtt starfsfólk er frætt um stefnuna við komu sína til að tryggja samfellu og samræmd vinnubrögð. Þannig stuðlar skólinn að jákvæðu og öruggu námsumhverfi þar sem nemendur fá skýrar leiðbeiningar og tækifæri til að þróa félagsfærni sína.

Árlegi Norðurþingsdagurinn, þar sem allar menntastofnanir í Norðurþingi koma saman til fræðslu, verður í ár helgaður jákvæðum aga. Joy Marchese kemur frá New York og mun stýra deginum.

Önnur starfsþróunarverkefni

Auk þessara þriggja starfsþróunarverkefna skólans sem ritað var um hér að ofan, eru fjölmargar aðgerðir sem stuðla að faglegri þróun kennara og bættri námsupplifun nemenda. Þessi verkefni styðja við markmið skólans um árangursríkt skólastarf, þróun kennsluhátta og aukna vellíðan nemenda, og stuðla að áframhaldandi umbótum innan skólans. Hér verður fjallað um þau.

Heilsueflandi grunnskóli

Á árum áður var Borgarhólsskóli hluti af heilsueflandi skóla, en markmið skólans er að komast aftur þangað og styrkja heilsueflandi starf enn frekar. Til stuðnings hefur skólinn fengið íþróttakennara til að leiða og setja upp skipulag og umgjörð með markvissum hætti til að efla líkamlega, andlega og félagslega vellíðan nemenda og starfsfólks.

Hvað er heilsueflandi grunnskóli?

Heilsueflandi skóli er skólaumhverfi þar sem markvisst er unnið að því að efla líkamlega, andlega og félagslega vellíðan nemenda og starfsfólks. Markmið heilsueflandi skólastarfs er að stuðla að jákvæðum lífsstíl, aukinni líkamlegri hreyfingu, góðum samskiptum og öruggri og stuðningsríku skólasamfélagi.

Í heilsueflandi skóla er áhersla lögð á að nemendur tileinki sér sjálfbærar heilbrigðisvenjur, læri að taka ábyrgð á eigin líðan og þrói færni í að leysa ágreining og vinna í samvinnu við aðra. Fyrir starfsfólk skólans felst verkefnið í því að skapa menningu sem styður við vellíðan, hvetur til starfsþróunar og leggur grunn að góðri samskipta- og vinnumenningu innan skólasamfélagsins.

Heilsueflandi skóli stuðlar því að heildstæðum vexti nemenda og starfsmanna, eykur lífsgæði og leggur grunn að árangursríku námi og jákvæðum skólaárangri til lengri tíma.

Sjálfsrækt

Hluti af starfsþróun kennara felst í því að hlúa að eigin líðan. Kennarastarfið er krefjandi og gerir miklar kröfur til faglegra samskipta og einbeitingar. Því er mikilvægt að starfsfólk hafi tækifæri til að rækta sjálft sig jafnhliða starfi sínu, því fagleg og persónuleg líðan eru nátengd gæðum náms og kennslu.

Á undanförunum árum hefur skólinn boðið kennurum að sækja fræðslu og fyrirlestra, t.d. frá lífshjúfa og núvitundarkennara, þar sem áhersla er lögð á sjálfsrækt, jafnvægi milli vinnu og einkalífs og aðferðir til að hlúa að eigin heilsu – bæði andlegri og líkamlegri. Þar er starfsfólk hvatt til að rækta eigin styrkleika, nýta tækifæri til endurnærandi athafna og temja sér góðar venjur sem styðja við daglegt starf.

Með þessum áherslum vill skólinn leggja sitt af mörkum til að efla heildræna vellíðan kennara, sem vonandi skilar sér í aukinni starfsánægju.

Byrjendalæsi

Borgarhólsskóli er Byrjendalæsissskóli. Það felur í sér markvissa kennslu í lestri og ritun á fyrstu árum grunnskólagöngu. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist traustan grunn í hljóðaaðferð, orðaforða og lesskilningi, ásamt því að kynnast bókmenntum og skrifum á skapandi hátt. Með góðum grunni í byrjendalæsi aukast líkur á að nemendur byggji upp sterka námsfærni sem nýtist þeim á öllum skólastigum.

Allir kennarar yngsta stig hafa setið námskeið í Byrjendalæsi eða eru á því námskeiði núna og má því að segja að þetta sé stöðugt starfsþróunarverkefni. Verkefnastjóri er Árný Björnsdóttir og vinnur hún að þróunarverkefninu *Lítill skref til læsis* samhliða, enda byggist það upp á kennsluaðferðum Byrjendalæsis.

Menntaborg

Menntaborg er vettvangur jafningjafræðslu þar sem kennarar og annað starfsfólk deila þekkingu sinni og reynslu með hvort öðru, hvort sem það er kynning á kennsluefni, kennsluverkfæri eða erindi um allt á milli himins og jarðar. Þar er lögð áhersla á að efla samvinnu, miðla hugmyndum og læra saman í opnu og hvetjandi umhverfi.

Þingmennt

Borgarhólsskóli fékk styrk frá Endurnenntunarsjóði grunnskóla til að koma á fót menntabúðum. Menntabúðirnar hafa það að markmiði að starfsfólk skóla lærir hvert af öðru og er frí starfsþróun. Menntabúðirnar hlutu nanfið Þingmennt og ná yfir starfsfólk grunnskóla í Þingeyjarsveitum. Gert er ráð fyrir 2-3 Þingmennt á hverju skólaári.

Viðfangsefni menntabúðanna eru margvísleg. Dagskráin mótast jafnt og þétt fram að næstu menntabúðum og tekur mið af því sem við öll leggjum fram. Hægt er að bjóðast til að miðla af reynslu og einnig að óska eftir viðfangsefnum.

Kl. 16:15 - 16:30 **Móttaka á Stjörnunni (efri hæð)**

Kl. 16:30 - 17:05 **Fyrri lota menntabúðanna**

Kl. 17:05 - 17:30 **Kaffi á Stjörnunni**

Kl. 17:30 - 18:10 **Seinni lota menntabúða**

STEM

Í skólanum hefur verið stofnað STEM ráð og var það gert í samvinnu við STEM Húsavík.

Teymisrölt

Hefð hefur skapast í skólanum fyrir því að stjórnendur komi inn á teymisfundi vikulega og í orðræðu innandyra er það kallað „teymisrölt“. Hingað til hafa stjórnendur komið inn með mál á dagskrá varðandi skipulag og viðburði sem eru á döfinnu og hafa svo verið til umræðu og svara um málefni sem brenna á teymunum. Á þessu skólaári vilja stjórnendur nýta teymisröltið í faglega umræðu um þróunarverkefni sem liggja fyrir.

Áætlun: Hér að neðan má sjá yfirlit yfir umræðuefni á teymisrölti. Birt með fyrirvara um breytingar.

Þrið 30. sept	Samtöl heimilis og skóla / Námskrárvinna
Þrið 7. okt	Námsskrárvinna - námsmat
Þrið 11. okt	Leiðsagnarnám
Þrið 14. okt	Jákvæður agi

Þrið 21. okt	Haustfrí
Þrið 28. okt	Leiðtogar leiðsagnarnáms stýra
Þrið 4. nóv	Námsskrárvinna - námsmat
Þrið 11. nóv	Kennsluaðferðir – tékklisti
Þrið 18. nóv	Notkun gervigreindar
Þrið 25. nóv	Leiðtogar leiðsagnarnáms stýra
Þrið 2. des	Námsskrárvinna - námsmat
Þrið 9. des	Barnasáttmáli – Heimsmarkmiðin
Þrið 16. des	
Þrið 6. jan	Leiðsagnarnám
Þrið 13. jan	Jákvæður agi
Þrið 20. jan	
Þrið 27. jan	
Þrið 3. feb	Námsskrárvinna - námsmat
Þrið 10. feb	
Þrið 17. feb	
Þrið 24. feb	
Þrið 3. mars	Skipulagsdagur
Þrið 10. mars	Samtöl heimilis og skóla
Þrið 17. mars	
Þrið 24. mars	
Þrið 31. mars	Páskaleyfi
Þrið 7. apríl	
Þrið 14. apríl	
Þrið 21. apríl	
Þrið 28. apríl	
Þrið 5. maí	
Þrið 12. maí	
Þrið 19. maí	Námsmat – Mentor
Þrið 26. maí	Námsmat – Mentor
Þrið 2. júní	Námsmat – Mentor

Starfsmanna- og kennarafundir

Á miðvikudögum frá kl. 15–16 eru haldnir starfsmanna- eða kennarafundir. Á þeim er farið yfir skipulagsmál, rætt um faglegt starf og þeir nýttir í þróunarvinnu. Stundum eru miðvikudagarnir einnig nýttir sem tími fyrir starfsþróunarverkefni þegar önnur teymi þurfa að koma saman til funda eða samráðs.

Fundaráætlun

Birt með fyrirvara um breytingar.

Hvenær	Hverjir	Hvað
18. ágúst	Allir	Velkomin til starfa
27. ágúst	Kennarar	Barnamenningarhátíð og innleiðing Aðalnámskrá
3. sept	Stjórn + umsj.ken.10.b	Samráðsfundur við Famhaldsskólann á Húsavík
10. sept	Kennarar	Yngsta stig: Byrjendalæsi Mið- og unglingastig: Verkfæri Vöndu + - 5
17. sept	Kennarar	Ráðgjafafundur v/leiðsagnarnám
24. sept	Kennarar	Undirbúningur fyrir samtöl heimilis og skóla
1. okt	Allir	Farsældarlögin, eineltisráð, bráðamappa nemenda
8. okt	Kennarar	Innleiðing Aðalnámskrár
15. okt	Teymisvinna	Þemavinna – teymin funda
22. okt		Fundur fellur niður
23. okt	Kennarar	Ráðgjafafundur v/leiðsagnarnám
29. okt	Kennarar	Kennarafundur
5. nóv	Allir	Öryggis og viðbragðsáætlun
12. nóv	Stigsfundir	Innleiðing Aðalnámskrár
19. nóv	Kennarar	
26. nóv	Kennarar	Ráðgjafafundur v/leiðsagnarnám
3. des	Allir	Undirbúningur verkstæðisdags
10. des	Kennarar	Ráðgjafafundur v/leiðsagnarnám
19. des	Allir	Kakósamvera – Litlu jólin
7. jan		
14. jan	Kennarar	
21. jan	Allir	Jákvæður agi
28. jan	Kennarar	Skóladagatal 2026-2027 og starfsþróunaráætlun
4. feb		Allir hjálpast að við þorablótsundirbúning
11. feb		
18. feb		Öskudagur
25. feb	Kennarar	Undirbúningur fyrir samtöl heimilis og skóla
4. mars		
11. mars		
18. mars		
25. mars		
1. apríl		Páskaleyfi
8. apríl		
15. apríl		
22. apríl		Enginn fundur
29. apríl		
6. maí		Skertur dagur – námskeið
13. maí		
20. maí		
27. maí	Kennarar	Tími fyrir námsmatsvinnu
3. júní	Kennarar	Tími fyrir námsmatsvinnu
10. júní		Síðasti fundur skólaársins

Skipulögð starfsþróun 2025-2026

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir stærri fræðslur/námskeið sem skipulögð eru fyrir starfsfólk skólaárið 2025-2026. Birt með fyrirvara um breytingar.

Hvað	Hvenær	Hverjir
Leiðsagnarnám, upphaf þróunarverkefnis	Á starfsdögum að hausti	Allt starfsfólk
ADHD námskeið á vegum ADHD samtakanna	18. september – Skertur skóladagur	Allt starfsfólk
Læsi námskeið/fræðsla	26. september – Starfsdagur	Kennarar og stuðningsfulltrúar
Tví-/Fjöltyngi, stutt fræðsla	26. september – Starfsdagur	Allt starfsfólk
Jákvæður agi	29. september – Norðurbingsdagurinn	Allt starfsfólk
Byrjendalæsi 1 og 2 ár	Nokkrum sinnum yfir árið, smíðjur	Yngsta stig

Starfsþróunarverkefni fyrri ára

Á undanförunum árum hefur skólinn unnið að fjölbreyttum starfsþróunarverkefnum sem hafa lagt grunn að því starfi sem unnið er í dag. Þau hafa styrkt faglegt starf kennara, eflt samvinnu og skapað sameiginlega sýn sem nýtist í allri þróun skólans. Hér verður gert grein fyrir þeim verkefnum sem hafa markað starfsþróun skólans síðustu árin.

Stytting vinnuvikunnar

Í samræmi við kjarasamninga hefur vinnuvika kennara verið stytta. Í því felst meðal annars að hluti af hefðbundnum fundartímum og öðrum verkefnum hefur verið endurskipulagður. Markmiðið er að tryggja jafnvægi milli vinnu og einkalífs kennara, án þess að það komi niður á gæðum náms og kennslu. Nokkrar útfærslur voru ræddar og prófaðar og samkomulag náðist um að hafa fjóra skipulagða daga á skólaárinu; haustfrí, 2. janúar og vetrarfrí. Að auki hafa kennarar 1,5 dag til að ráðstafa sjálfir. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel.

Samþætting námsgreina – Bland í Borgó

Árið 2022 varð mikil breyting á kennslu á unglingastigi hjá okkur þegar við höfum að samþætta námsgreinar að miklu leiti. Við fengum leiðsögn frá Ásgarði við það. Í upphafi fóru allar kennslustundir í íslensku, samfélags- og náttúrugreinum og upplýsingatækni undir samþættingarverkefnið sem við nefndum Bland í Borgó. Síðan þá höfum við aðeins dregið úr og fara nú um þrjár klukkustundir á viku hjá hverjum árgangi á unglingastigi í Bland í Borgó.

Markmiðið með Bland í Borgó er að auka valið sem nemendur hafa í námi sínu og gera þá ábyrgari fyrir því. Jafnframt viljum við efla félagsfærni með aukinni samvinnu nemenda þvert á árganga, sköpunargleði þeirra og skipulagshæfni. Við sjáum jafnframt tækifæri til þess að dýpka skilning nemenda á viðfangsefnum með því að tengja ólík fagsvið. Þá vinna kennarar út frá hæfniviðmiðum sem ná yfir fleiri en eina námsgrein og þannig tengja nemendu saman ólíka þekkingu, færni og leikni í raunverulegum viðfangsefnum. Verkefni Bland í Borgó má finna á heimasíðu skólans.

Teymiskennsla

Teymiskennsla hefur verið þróunarverkefni undanfarin ár og hefur fest sig í sessi sem mikilvægur hluti af skipulagi kennslu. Hún eflir samstarf kennara, auðveldar lausnir á mismunandi þörfum nemenda og hefur gefið góða raun. Það sem einkennir teymiskennslu er að kennarar deila ábyrgð, skipulagi og framkvæmd kennslu saman. Nokkur lykileinkenni eru:

- **Samábyrgð** – Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum í heild, ekki bara „sínum bekk“.
- **Samvinna** – Kennarar skipuleggja kennslu, námsmat og verkefni í sameiningu.
- **Nýting styrkleika** – Kennarar geta nýtt sérhæfða þekkingu hvers annars, t.d. að einn leggur áherslu á stærðfræði en annar á tungumál.
- **Sveigjanleiki** – Auðveldara er að skipta hópum eftir þörfum nemenda, styðja einstaklingsmiðað nám og bjóða fjölbreytt vinnubrögð.
- **Faglegt samtal** – Teymiskennsla byggir á stöðugu samtali, samráði og endurmati á því sem virkar.
- **Stuðningur** – Kennarar styðja hvern annan í daglegu starfi og auðvelda þannig lausnir þegar álag eða áskoranir koma upp.

Innra mat

Á undanförunum árum hefur skólinn lagt ríka áherslu á þróun innra mats og að gera það að markvissum hluta skólastarfsins. Verkefnið hefur gengið vel og stuðlað að bættri skipulagningu, faglegri ígrundun og áframhaldandi umbótum í kennslu og skólastarfi.

fagmennsku, auka gæði náms og tryggja að skólinn þróist í takt við þarfir samfélagsins og þær kröfur sem gerðar eru til menntunar í dag.